

Fundargerð:

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps

Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps kom saman til 4. fundar þann 21. nóvember 2025 kl. 10:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
- Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi
- Delphine Briois, Árneshreppi
- Eva Sigurjónsdóttir, Árneshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- María Rós Skúladóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð

Halldór Logi Friðgeirsson, Kaldrananeshreppi boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Yfirferð kynningar fyrir íbúafundi

Farið var yfir drög að kynningarefni fyrir íbúafundi 25. og 26. nóvember og það uppfært samkvæmt umræðum og ábendingum fundarmanna. Dagskrá fundanna verður eftirfarandi:

1. Almenn kynning á stöðu verkefnisins og ferli sameiningarviðræðna
2. Stutt kynning á stöðu sveitarfélaganna
3. **Vinnustofa**
Þátttakendur vinna saman í hópum og svara spurningum undir leiðsögn fundarstjórnenda:
 - a. Hverjir eru kostir og gallar núverandi stöðu?
 - b. Hver eru tækifærin og áskoranirnar við sameiningu?

Verkefni:

- Ráðgjafar KPMG uppfæra kynningu
- Fulltrúar sveitarfélaganna auglýsa fundi

Fundi slitið kl. 11:40